



LANDSSAMTÖKIN
HEIMILI OG SKÓLI

Alþingi
Erindi nr. P 121 / 752
komudagur 16 / 1 1997

Reykjavík, 15. janúar 1997

Allsherjarnefnd Alþingis
Sólveig Pétursdóttir formaður

Varðar: Frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum.

Landssamtök foreldra, Heimili og skóli þakka fyrir að fá tækifæri til að skila umsögn um þetta mál.

Það er fagnaðarefni að íslensk stjórnvöld skuli nú gera nauðsynlegar lagabreytingar til að fullgilda þá alþjóðasamninga sem hér er um að ræða.

Nauðsynlegt er að hafa í lögum ákvæði sem taka til fíkniefnagróða og í svo fámennu landi sem Íslandi ætti að vera hægt um vik að kanna uppruna tekna þeirra sem liggja undir grun um slíkt.

Svo virðist sem þetta frumvarp taki á ýmsum þeim göllum sem hafa komið í ljós í nágildandi lögum t.d. varðandi efni sem ekki hafa verið skilgreind sem fíkniefni. Sömuleiðis varðandi tæki til framleiðslu fíkniefna.

Landssamtökin Heimili og skóli styðja hverja þá lagabreytingu sem stuðlar að því að þrengja starfsvettvang fíkniefnasala og neytenda og hvetur til þess að þetta frumvarp verði samþykkt hið fyrsta.

Virðingarfyllst
F.h. Heimilis og skóla

Unnur Halldórsdóttir
Unnur Halldórsdóttir
frankvæmdastjóri